

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2000

frá 30. nóvember 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/69/EB frá 19. desember 1994 um tuttugustu og fyrstu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/54/EB frá 30. júlí 1996 um tuttugustu og aðra aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EB frá 5. desember 1997 um tuttugustu og þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 381, 31.12.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 248, 30.9.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 19.

1. gr.

XV. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 94/69/EB, 96/54/EB og 97/69/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2000

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **394 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/69/EB frá 19. desember 1994 (Stjtið. EB L 381, 31.12.1994, bls. 1),
- **396 L 0054**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/54/EB frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB L 248, 30.9.1996, bls. 1),
- **397 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EB frá 5. desember 1997 (Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 19).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Við töflu B í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE bætist eftirfarandi: